

Lbs 102 NF

Lestrarfélag kvenna Reykjavíkur: Einkaskjalasafn. Skrá

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Handritasafn



Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

© 2015

Lýsandi samantekt

Varðveislustaður: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, handritasafn.

Staðsetning: H 30.1

Safnmark: Lbs 102 NF

Skjalamyndari: Lestrarfélag kvenna Reykjavíkur

Titill: Lestrarfélag kvenna Reykjavíkur: Einkaskjalasafn

Dagsetning: 1911–1960

Magn: Fjórar öskjur

Útdráttur: Safn Lestrarfélags kvenna Reykjavíkur hefur að geyma fundargerðarbækur og mánaðarrit félagsins ásamt bóka- og aðfangaskráum og ýmsum bréfum og öðrum skjölum er varða það.

Tilvitnun:

Lbs 102 NF. Lestrarfélag kvenna Reykjavíkur: Einkaskjalasafn. Varðveisla: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Handritasafn. Arngrímsgötu 3. IS 107 Reykjavík.

Samhengi

Nafn skjalamyndara: Lestrarfélag kvenna Reykjavíkur (1911–1960)

Lífshlaup og æviatriði: Lestrarfélag kvenna var stofnað í Reykjavík 18. september árið 1911 af konum úr Kvenréttindafélagi Íslands sem höfðu þá rekið lesstofu fyrir konur í tvö ár. Fyrirmyndin kom að utan, en slíkar stofur voru reknar víða í Evrópu og meðal annars í Kaupmannahöfn. Félagssritið Mánaðarritið hóf göngu árið 1912 og var handskrifað inn í sérstaka bók og lesið upp á fundum. Þar getur að líta tilgang félagsins á titilsíðunni: „að vekja og efla löngun til að lesa góðar bækur og eftir föngum að rekja og ræða efni þeirra til aukins skilnings, og ef verða mætti, til einhverra verklegra framkvæmda.“ Ritið lifði í rúma tvo áratugi og gefur góða mynd af starfsemi félagsins og hugðarefnum félagskvenna. Meðal þeirra sem rituðu oft í bókina var Theodóra Thoroddsen skáldkona.

Félagið opnaði lesstofu fyrir börn árið 1912 og rak hana í 25 ár. Stofan var opin tvo tíma á dag yfir vetrartímamann, alla virka daga. Félagskonur skiptust á að hafa sögustund fyrir börnin og hjálpa þeim við heimanám. Starfsemin var einkum hugsuð fyrir börn sem bjuggu við slæmar aðstæður eða fengu hvorki næði né aðstoð við heimanámið.

Málhreinsunarnefnd starfaði á vegum félagsins frá árinu 1920 í samvinnu við Verkfræðingafélag Íslands og var tilgangurinn að skapa ný orð og vernda íslenskt mál. Meðal nýyrða sem þarna urðu til má nefna veggfóður (betrekk), snyrting (tojlett) og blómvöndur (búkett).

Félagið fékk húsaleigustyrk frá bænum til starfseminnar en félagskonur ráku bókasafn sitt og lesstofu í sjálfboðavinnu. Aðsóknin fór hins vegar þverrandi síðustu árin og félagið var lagt niður árið 1961 og bækurnar gefnar Reykjavíkurborg til minningar um Laufeyju Vilhjálmsdóttur sem var formaður félagsins frá upphafi til dánardags (29. mars 1960).

Heimild: www.wikipedia.org/wiki/Lestrarfelag_kvenna

Varðveislusaga:

Flest gögnin voru í vörslu Sigríðar J. Magnússon.

Um afhendingu:

Megnið af handritunum kom um hendur Guðrúnar Guðmundsdóttur, dóttur formanns félagsins Laufeyjar Valdimarsdóttur, fyrir hönd Sigríðar J. Magnússon.

21. desember 1970 afhenti Guðrún, fyrir hönd Sigríðar, Mánaðarrit félagsins (áður Lbs 4763–4770 4to) og 23. mars 1977 afhenti Guðrún, fyrir hönd Sigríðar, sex fundargerðarbækur, bókaskrár, tvær aðfangaskrár, tvær bókaskrár, og aðsóknartöflur að barnalesstofu félagsins (áður Lbs 4771–4781 4to).

15. maí 1983 afhenti Anna Sigurðardóttir, Kvennasögusafni Íslands, nokkur bréf er varða félagið.

23. nóvember 2011 afhenti Auður Styrkárstöttir, Kvennasögusafni Íslands, fundargerðarbók

13.3.1956–6.6.1961 ásamt erindi eftir Laufeyju Valdimarsdóttur og nokkrum bréfum og skjölum er varða félagið.

Innihald og uppbygging

Umfang og innihald: Safnið er í fjórum öskjum og skipt í fjóra efnisflokkka.

Efnisflokkar safnsins eru þessir:

- A. Fundargerðarbækur
- B. Mánaðarrit
- C. Bréf, erindi og skýrslur
- D. Bókaskrár og aðfangaskrár

Grisjun, eyðing og skráning:

Engu hefur verið eytt.

Viðbætur:

Ekki er von á viðbótum.

Um aðgengi og not

Skilyrði er stjórna aðgengi:

Safnið er opið.

Skilyrði er ráða endurgerð:

Samkvæmt reglum Landsbókasafns um ljósritun og myndun.

Tungumál:

Íslenska.

Leiðarvísar:

Enginn leiðarvísir fylgdi með safninu.

Tengt efni**Tengdar einingar:**

Lbs 54 NF. Bríet Bjarnhéðinsdóttir og fjölskylda.

Útgáfuupplýsingar / Not:

Ekki er vitað um nein not.

Um lýsinguna**Athugasemdir skjalavarðar:**

Halldóra Kristinsdóttir gerði lýsandi samantekt í apríl 2015.

Dagsetning lýsingar: Apríl 2015.

Innihald**Listi yfir öskjur**

Askja 1: A. Fundargerðarbækur

Askja 2: B. Mánaðarrit

Askja 3: C. Bréf, erindi og skýrslur

Askja 4: D. Bókaskrár og aðfangaskrár

A. Fundargerðarbækur**Askja 1:**

- Fundargjörðabók I. Byrjuð 31. maí 1911. Enduð 11. febrúar 1915. (Áður Lbs 4771 4to)
- Fundargjörðabók II. Byrjuð 13. mars 1915. Enduð 5. apríl 1921. (Áður Lbs 4772 4to)
- Fundargjörðabók III. Byrjuð 29. nóvember 1921. Enduð 17. október 1930. (Áður Lbs 4773 4to)
- Fundargjörðabók IV. Byrjuð 4. nóvember 1931. Enduð 2. desember 1940. (Áður Lbs 4774 4to)
- Fundargjörðabók V. Nóvember 1939–1950. (Áður Lbs 4775 to)
- Fundargjörðabók VI. Byrjuð 23. febrúar 1949. (Áður Lbs 4776 4to)
- Fundargjörðabók VII. Byrjuð 13. mars 1956. (Aðföng 23. nóvember 2011)

B. Mánaðarrit

- Mánaðarritið I. 1912. (Áður Lbs 4763 4to)
- Mánaðarritið II. 1913–1914. (Áður Lbs 4764 4to)
- Mánaðarritið III. Mars 1914 – mars 1915. (Áður Lbs 4765 4to)
- Mánaðarritið IV. 1915–1916. (Áður Lbs 4766 to)

- Mánaðarritið V. 1916–1918. (Áður Lbs 4767 4to)
- Mánaðarritið. 1918–1922. (Áður Lbs 4768 4to)
- Mánaðarritið. Byrjað í október 1924. (Áður Lbs 4769 4to)
- Mánaðarritið. 1930–1938. (Áður Lbs 4770 4to)

C. Bréf, erindi og skýrslur

- „Börn og bækur.“ Erindi frá Laufeyjar Valdimarsdóttur flutt á kvöldskemmtun L.F.K.R. veturinn 1920 (?).
- „Hús og heimili.“ Erindi flutt á fundi L.F.K.R. 8. febrúar 1918.
- Félagssöngur L.F.K.R. og Nokkrir þættir úr sögu Lestrarfélags kvenna Reykjavíkur.
- Ýmis bréf og skjöl er varða L.F.K.R. Ljósrit, vélrit og handskrifað.
- Aðsókn að Barnalesstofu L.F.K.R. Byrjuð 18. október 1927, enduð 4. desember 1927. (Áður Lbs 4777 4to)
- Ýmis bréf og skjöl er varða L.F.K.R.

D. Bókaskrár og aðfangaskrár

- Bókaskrá. Frá 1930. (Áður Lbs 4778 4to)
- Bókaskrá. Frá 1930 – 1945. (Áður Lbs 4779 4to)
- Bókaskrá. Byrjuð 6. maí 1945. (Áður Lbs 4780 4to)
- Aðfangaskrá. Byrjuð 2. janúar 1957. (Áður Lbs 4781 4to)